

# Fundargerð 477. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2025, þriðjudaginn 18. nóvember kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir, Elliði Vignisson og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 476. fundar - 2509016HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 476. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 22 október 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Farþegagjaldamál mál nr. 664/2024 - 2510006HA**

Lögð fram niðurstaða Landsréttar í dómi í máli nr. 664/2024, Gentle Giants-Hvalaferðir ehf. gegn Hafnasjóði Norðurþings og til vara Norðurþingi um farþegagjaldamál.

*Stjórn Hafnasambands Íslands telur mikilvægt að dómi Landsréttar í máli nr. 664/2024 verði áfrýjað til Hæstaréttar svo engin óvissa sé um útreikning farþegagjalda á grundvelli gildandi 17. gr. hafnalaga. Er sérstaklega mikilvægt að fá nánari umfjöllun um heimild til að skipta heildarkostnaði á einstök gjöld þegar við á.*

*Jafnframt ítrekar stjórn Hafnasambandsins nauðsyn þess að endurskoða hafnalögin og þá sérstaklega 17. gr. varðandi gjaldskrár.*

**3. Endurskoðun hafnalaga nr. 61-2003 - 2510007HA**

Lagt fram erindi frá Hafnasambandi Íslands til innviðaráðherra, dags 11. nóvember 2025 um nauðsyn þess að endurskoða hafnalög nr. 61/2003.

*Stjórn Hafnasambands Íslands ítrekar mikilvægi þess að hafnalögin séu endurskoðuð og hvetur ráðuneytið til að skipa starfshóp sem fyrst.*

**4. Farþegagjald - tollar og gjöld - 2509024HA**

Til umræðu ákvarðanir stjórnvalda um innviðagjöld á farþegaskip sem og tolla.

*Stjórn Hafnasambands Íslands ítrekar fyrri málflutning um mikilvægi þess að fresta afnámi tollafrelsis á farþegaskip í hringferðum um Ísland meðan gengið er úr skugga um að tollafrelsið sé í raun andstætt EES-rétti. Samkvæmt lögfræðiáliti er stjórn Hafnasambandsins hefur aflað er hugsanlega hægt að*

rökstyðja tollafrelsi á grundvelli staðbundinna samkeppnishindrana. Einnig er ítrekað mikilvægi þess að lækka boðuð gjöld á farþegaskip.

**5. Framtíðarsýn og framkvæmdaþörf hafna - 2509006HA**

Lögð fram samantekt frá Íslenska sjávarklasanum sem ber heitið Framtíðin og íslenskar hafnir. Um er að ræða samantekt sem byggir á niðurstöðum vinnustofu sem haldin var á hafnarfundum í Ólafsvík í október 2025.

*Stjórn Hafnasambandsins þakkar þátttakendum á vinnustofunni fyrir þeirra framlag og Sjávarklasanum fyrir þeirra samantekt. Samantektin verður tekin fyrir að nýju á næsta fundi stjórnar.*

**6. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda - EES-regur, móttaka úrgangs í höfnum, 179. mál - 2510003HA**

Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004 (EES-reglur, móttaka úrgangs í höfnum), 179. mál og umsögn Hafnasambands Íslands við frumvarpið dags. 10. nóvember 2025.

**7. Afmörkun hafnarsvæða - 2509034HA**

Formaður gerði grein fyrir stöðu mála varðandi afmörkun hafnarsvæða á sjó og hvernig unnið er að því að skilgreina hafnarmörkin en skilafrestur hefur verið framlengdur fram á næsta ár.

**8. Rafræn vöktun hafna - aðgangur tollyfirvalda - 2509009HA**

Lagt fram erindi frá tollyfirvöldum um aðgang að myndavélakerfum hafna en nokkrar hafnir hafa fengið slíkt bréf. Einnig var lagt fram til kynningar drög að minnisblaði um málefnið og leiðbeiningar til aðildarhafna því tengt.

*Stjórn þakkar fyrir góð gögn og hvetur til þess að þau séu send til aðildarhafna sem fyrst.*

**9. Hafnir - aðstaða til vigtunar sjávarafla - 2509036HA**

Lagt fram að nýju bréf Fiskistofu til atvinnuvegaráðuneytisins, dags. 23. september 2025, um kröfur til hafna um aðstöðu til vigtunar sjávarafla. Á seinasta fundi var samþykkt að taka saman gögn til að senda erindi á Fiskistofu og ráðuneytið um kröfur til hafna um aðstöðu til vigtunar.

*Umræðu frestað til næsta fundar.*

**10. Orkuskipti í höfnum og haftengdri starfsemi - 2509019HA**

Formaður fór yfir stöðuna varðandi stuðning við framkvæmdir vegna orkuskipta.

**11. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna - 2509345SA**

Lögð fram til kynningar samantekt á fjárhagsstöðu hafna árið 2024.

Fundi var slitið kl. 12:30